

Leikskólinn Víðivellir – þrepaskipting vinnu á stigi 1

1. þrep - deildin:

Starfsfólk deildar byrjar á að kortleggja stöðu barns og eru gátlistar leikskólans (félagsfærni, málþroski) nýttir við það. Gátlistarnir, úrræðalisti leikskólans og deildarskipulag er síðan haft til hliðsjónar þegar íhlutun er skipulögð. Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir **6-8 vikur**. Íhlutun á fyrsta þrepi fer alfarið fram hjá starfsfólki deilda.

Ef íhlutun skilar ekki tilætluðum árangri á þeim tíma þá er hægt að vísa máli til lausnaleitar í samráðsteymi leikskólans (deildarstjóri, sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri) Samráðsteymi getur vísað máli aftur í vinnslu á þrep 1 (deild) með tillögum að breytingum á íhlutun. Samráðsteymi getur líka ákveðið að vísa máli yfir á þrep 2 (sérhæfð íhlutun).

2. þrep – sérhæfð íhlutun:

Kortlagning á stöðu barns á þrepi 2 felur í sér frekari skimanir og athuganir (sjá úrræðalista). Íhlutun er svo skipulögð út frá þeirri kortlagningu. Hægt er að óska eftir ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs fyrir deildir, hópa eða allan leikskólann á eyðublaði A (kennslufulltrúi fjölmennningar, sérkennslufulltrúi leikskóla, talmeinafræðingar, sálfræðingar, verkefnisstjóri PMTO). Íhlutun á öðru þrepi fer fram hjá starfsfólki deilda og eftir atvikum hjá þjálfum.

Miðað er við að íhlutun sé endurmetin eftir **6-8 vikur**. Ef hún skilar ekki tilætluðum árangri þá getur samráðsteymi ákveðið að vísa máli til lausnaleitar í Brúarteymi leikskólans. Það er ávallt gert í samráði við forsjáraðila. Forsjáraðilar þurfa á þessu stigi að skrifa undir beiðni um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns. Einnig þarf að fylla út eyðublað B.

3. þrep – lausnaleit í Brúarteymi:

Á fundum Brúarteymis fer fram þverfagleg lausnaleit í málum sem er vísað þangað. Farið er yfir eyðublað B og er úrræðalisti leikskólans hafður til hliðsjónar í þeirri vinnu. Brúarteymi getur ákveðið að vísa máli aftur á þrep 1 (deild) eða þrep 2 (sérhæfð íhlutun) með tillögum að breytingum á íhlutun.

Brúarteymi getur einnig ákveðið að vísa máli yfir á stig 2 samkvæmt verkfelum Brúarinnar. Þá er er eyðublað C fyllt út. Þar er m.a. hægt að óska eftir mati talmeinafræðings og sálfræðings, ráðgjöf frá sérfræðingum á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu- og skólaþjónustu Brúarinnar og námskeiðum fyrir foreldra.

1. þrep - deildir		2. þrep - sérhæfð íhlutun		3. þrep - lausnaleit í brúarteymi
Skimanir og skráningar		Skimanir og skráningar		Lausnaleit
Félagsfærni gátlisti		Íslenski þroskalistinn		Úrræðalisti leikskólans
Málproski gátlisti		Smábarnalistinn		Eyðublað B
AHA - Skráningar		EFI - 2		
Orðaskil		AAL - listinn		
Tras		AEPS - Listinn		
Hljóm - 2		Kuno Beller		
Bjargir (snemmtæk íhlutun)		ABLYSS		
		Gerd Strand		
		Framburðarmat		
		Atferlislisti Lovasar		
Úrræði		Úrræði		Úrræði /eyðublað C
Gefðu 10		Aðkoma sérkennsluteymis		Talmeinafræðingur /
Lærum og leikum með hljóðin		Einstaklingsþjálfun		málproskamat
Lubbi		Hópaþjálfun		Sálfræðingur / þroskamat
Málörvun - hópar		TEACCH		Sérkennslufulltrúi / ráðgjöf
Myndrænt dagskipulag		Atferlisíhlutun		Kennslufulltrúi fjölmennningar /
Myndræn stýring		Ráðgjöf fyrir deild		ráðgjöf
PECS - myndir		Ráðgjöf - eyðublað A		PMTO foreldranámskeið
Boðskiptakippur		Námskrá /áætlun		Klókir litlir krakkar
Stig af stigi		Námskrá vegna hegðunar og		Fjölskyldu- og barnamálasvið /
Blær		félagsþroska		málstjóri
Félagsfærni sögur		Námskrá vegna málþroska		
Tilfinningaspjöld		Orðaforðanámskrá Víðivalla		
Samráð við foreldra +		Markmið frá öðrum		
Bakgrunnsupplýsingar		sérfræðingum s.s. sjúkraþjálfara		
Tímavaki		Félagsfærni sögur		
Lausnaleit á deildinni -		Stuðningur við barn (3. fl.)		
Skilgreining á vanda og		Einstaklingsnámskrá		
styrkleikum				
Orðaforðanámskrá Víðivalla				
Bína				